

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Akureyrarkaupstað.

1. gr.

Gildissvið.

Akureyrarkaupstaður sér um söfnun og meðhöndlun heimilisérgangs frá heimilum í sveitarfélaginu og sér til þess að reknar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir almennan neysluúrgang, annan en hefðbundinn heimilisérgang sbr. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Um meðhöndlun úrgangs fer að öðru leyti í samræmi við reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

2. gr.

Umsjón og eftirlit.

Umhverfisnefnd Akureyrarkaupstaðar fer með ákvörðunarvald í málefnum sem varða meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu í umboði bæjarstjórnar. Framkvæmdadeild Akureyrarkaupstaðar fer með daglega yfirstjórn þessara mála samkvæmt þeim reglum sem samþykktar eru af bæjarstjórn og hlotið hafa staðfestingu umhverfisráðherra.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra hefur eftirlit með meðhöndlun úrgangs skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og að farið sé að þessari samþykkt.

3. gr.

Nýtingarskylda íbúa.

Íbúum í Akureyrarkaupstað ber skylda til að nýta sér þjónustu sveitarfélagsins og þær aðferðir við flokkun, geymslu og frágang úrgangs sem bæjarstjórn mælir fyrir um á hverjum tíma.

4. gr.

Úrgangur frá fyrirtækjum.

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir rekstraraðilar skulu sjálfir sjá um förgun heimilisérgangs og framleiðsluúrgangs samkvæmt reglum sveitarfélagsins og standa straum af kostnaði vegna þess. Frágangur og umgengi um sorpilát, svo og flutningur á úrgangi frá fyrirtækjum skal vera í samræmi við ákvæði 18. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Akureyrarkaupstaður getur heimilað að fyrirtæki fái sömu þjónustu og heimili í sveitarfélaginu varðandi meðhöndlun sorps sem flokkast getur sem almennur heimilisérgangur gegn greiðslu kostnaðar. Við álagningu gjalda vegna slíkrar þjónustu skal tekið mið af magni slíks sorps sem frá fyrirtækinu kemur.

5. gr.

Heimild til útvistunar sorphirðu.

Umhverfisnefnd er heimilt að fela öðrum aðilum framkvæmd úrgangssöfnunar, förgunar og móttöku annars úrgangs. Þeir aðilar sem þetta annast skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi sbr. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

6. gr.

Áætlun um sorpsöfnun.

Söfnun heimilisérgangs skal fara fram reglulega eftir fyrirfram gerðri áætlun, staðfestri af bæjarstjórn. Áætlunin skal kynnt íbúum og gerð aðgengileg á vefsvæði Akureyrarkaupstaðar.

Umhverfisnefnd getur heimilað frávik frá áætlun vegna sérstakra aðstæðna. Slík frávik skulu auglýst eða tilkynnt hlutaðeigandi með hæfilegum fyrirvara. Skulu þá húsráðendur sinna skyldum sínum samkvæmt samþykkt þessari á auglýstum tíma eins og um losun samkvæmt áætlun væri að ræða.

Allan úrgang sem að mati húsráðenda þarf að losa örar en gert er ráð fyrir í áætlun skal húsráðandi á eigin kostnað losa í söfnunarstöð eða í viðeigandi gáma.

7. gr.

Sorpílát.

Akureyrarkaupstaður leggur heimilum í sveitarfélaginu til sorpílát undir venjulegan heimilisúrgang. Húseigendur eða húsráðendur skulu nota þau ílát við geymslu úrgangs sem umhverfisnefnd ákveður hverju sinni, í samráði við heilbrigðiseftirlit og í samræmi við lög og reglur þar að lútandi. Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og í góðu ástandi.

Á stöðum þar sem aðstæður leyfa ekki að sorpílátum sé stillt upp við hvert heimili er umhverfisnefnd heimilt að setja upp sameiginleg sorpílát fyrir fleiri en eitt heimili. Skal þess þá gætt að aðgengi íbúa að ílátum sé eins gott og við verður komið. Jafnframt er heimilt að verða við óskum húseigenda um sameiginleg sorpílát að fengnu samþykki allra hlutaðeigandi.

Í dreifbýli er umhverfisnefnd heimilt, í samráði við heilbrigðiseftirlit, að setja upp sorpgáma á stöðum þar sem aðgengi er gott í stað þess að sækja heimilisúrgang á hvert heimili. Íbúum í dreifbýli skal gefinn kostur á að flokka úrgang með sama hætti og íbúum í þéttbýli.

Ekki er skylt að hirða úrgang sem ekki er í viðurkenndum sorpílátum.

8. gr.

Staðsetning sorpílláta og aðgengi.

Sorpílát skulu höfð í þar til gerðum sorpskýlum eða sorpgeymslum ef hægt er að koma því við og skulu þau staðsett þannig að aðgengi að þeim frá götu sé gott. Ef um fjölbýlishús er að ræða skal staðsetja ílát saman eða sameinast um ílát.

Vegalengd frá sorpílláti að lóðarmörkum skal ekki vera lengri en 7 metrar á auglýstum sorpsöfnunardegum. Sorpíllátin skulu staðsett þannig að gott aðgengi sé að hverju íláti fyrir sig og möguleiki á tæmingu hvers þeirra án tilfærslu annarra íláta. Auðvelt skal vera að ná til handfangs íláts og nægilegt pláss skal vera til að athafna sig með þau við tæmingu. Húseigandi skal sjá til þess að undirlag á leið frá sorpílláti að götu sé þannig að auðvelt sé að keyra sorpílát um það.

Ef hækkun frá lóðarmörkum að sorpílláti er meira en 15 sm fyrir hverja 100 sm (1:15) skal húseigandi gera ráðstafanir til að auðvelda færslu sorpílláta, t.d. með tröppum og skábrautum fyrir hjól sorpílláta. Hækkun skal ekki vera meiri en 40 sm fyrir hverja 100 sm (1:4).

Heimilt er að hafa sorpílát í sorpgeymslu innandyra að uppfylltum almennum skilyrðum um aðgengi. Þurfi sorphirðumaður að fara inn í geymsluna til að sækja sorpílát skal frí lofthæð ekki vera undir 200 sm. Hurðarop skal vera nægilega breitt til að auðveldlega megi fara með sorpílát um hurðarop og skal það vera án þröskulda. Þá skal vera búnaður til að halda hurð opinni. Beint aðgengi skal vera að sorpgeymslu utan frá.

Húsráðendur skulu tryggja gott aðgengi að sorpskýli eða sorpgeymslu á þeim tíma sem sorpi er safnað samkvæmt auglýstri áætlun sveitarfélagsins um söfnun úrgangs. Þannig skulu húsráðendur moka snjó og vinna gegn hálfu á leið að sorpíllátum eins og þörf krefur og halda leið að þeim greiðfærri.

9. gr.

Frágangur heimilisúrgangs.

Í sorpílát fyrir heimilisúrgang má aðeins setja þann úrgang sem fellur daglega til við venjulegt heimilishald, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs. Óheimilt er að láta garðaúrgang, jarðvegsefni, brotajárn og annan grófan úrgang í sorpílát og gáma sem ætluð eru fyrir almennan heimilisúrgang. Jarðvegsefni, þ.m.t. grjótt, múrbrot o.þ.h. skal setja á viðurkennda losunarstaði. Umhverfisnefnd er heimilt, í sérstökum tilvikum, að stilla tímabundið upp gámum fyrir slíkan úrgang, t.d. í tengslum við átak í umhverfismálum.

Spilliefnum, lyfjum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað á viðurkennda móttökustaði.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt.

Sorpílát skulu jafnan standa lokuð og ekki fyllt meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Húsráðanda er heimilt að skila umframsorpi á viðurkennda móttökustaði á vegum sveitarfélagsins án endurgjalds.

10. gr.

Annar úrgangur og umgengni á almannafæri.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgangur og annan úrgang á víðavangi, á götum, gangstígum eða opnum svæðum í sveitarfélaginu. Tæki og hluti sem ekki eru í almenntri eða stöðugri notkun skal geyma þannig að nágrannar og vegfarendur hafi ekki ama af. Bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki skulu geymd á þar til gerðum stæðum. Óheimilt er að geyma skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, kerrur, tæki, vinnuvélar, báta eða aðra hluti á almennum bifreiðastæðum, á götum eða á almannafæri. Heimilt er að hafa á lögbýlum afmörkuð geymslusvæði fyrir framangreinda hluti og skal leitast við að hafa sjónræn áhrif þeirra í algjöru lágmarki. Öðrum aðilum er heimilt að sækja um geymslusvæði og verða slík erindi afgreidd af skipulagsnefnd.

11. gr.

Upplýsingar og fræðsla.

Umhverfisnefnd skal sjá til þess að íbúar fái upplýsingar og fræðslu um skyldur húsráðenda, flokkun og aðra meðferð úrgangs, móttöku hans og förgun, t.d. með útgáfu leiðbeininga og fræðsluefnis.

12. gr.

Gjaldtaka.

Bæjarstjórn skal innheimta gjald á hverja fasteignareiningu miðað við fjölda og stærð sorphílata og/eða þjónustustig til að standa straum af meðhöndlun úrgangs í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Gjöld skulu ákvörðuð og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæði 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, sbr. einnig 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjaldið skal ákvarðað árlega á grundvelli rekstraráætlunar og ekki vera hærra en sá kostnaður sem áætlað er að falli til vegna þjónustunnar, eftirliti henni tengdu og umsýslukostnaði.

Í gjaldskrá skal auk almenns sorphirðugjalds kveðið á um gjöld fyrir fyrirtæki sem njóta þjónustunnar skv. 2. mgr. 4. gr. eftir sömu viðmiðum og ef um heimili væri að ræða.

Gjöld skal miða við stærð og fjölda sorphirðufláta, hvort sem um er að ræða flokkaðan eða óflokkaðan úrgang og tíðni söfnunar. Heimilt er að innheimta sorphirðugjöld á fyrirtækjum og stofnunum samkvæmt magni úrgangs, þ.e. samkomulagi við viðkomandi. Tekið skal tillit til flokkunar og minnkunar á magni úrgangs, sem af flokkun leiðir. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi, svo og við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Bæjarstjórn er heimilt að haga gjaldskrá með þeim hætti að það hvetji til að dregið sé úr magni úrgangs sem fer til urðunar.

Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

13. gr.

Kvartanir og kærur.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma henni á framfæri við framkvæmdadeild Akureyrarkaupstaðar. Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn, getur hann skotið málinu til umhverfisnefndar Akureyrarkaupstaðar.

14. gr.

Viðurlög við brotum eða vanefndum.

Brjótí húsráðandi gegn ákvæðum þessarar samþykktar eða vanrækir skyldur sínar samkvæmt henni, skal viðkomandi áminntur skriflega að undangengnum andmælarétti og óskað úrbóta af hans hálfu. Heimilt er að synja um söfnun sorps þar til úrbætur hafa verið gerðar. Telji húsráðandi sig órétti beittan getur hann kært slíka ákvörðun til úrskurðarnefndar skv. 31. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Með brot á samþykkt þessari skal farið skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 40. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsíákvæða hlutaðeigandi laga, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

15. gr.

Gildistaka.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs til að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 22. júní 2011.

F. h. r.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Íris Bjargmundsdóttir.